

## Leiðbeinandi minnislisti yfir siði og venjur í starfi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar

### Almennur fundur:

1. Kl. 12:15, forseti setur fundinn:
  - Forseti byrjar á að slá í bjölluna.
  - Forseti setur fundinn með því að segja „Fundur er settur í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar, þetta er fundur nr. xy á starfsárinu og nr. xyzv frá stofnun klúbbsins. Félagar og gestir eru boðnir velkomnir til fundarins.“
  - Forseti biður síðan söngstjóra að taka til starfa og velja þeir eitt lag úr söngbók klúbbsins til að syngja. Fundarmenn standa upp frá borðum þegar sungið er.
  - Forseti kynnir gest/gesti. Gestur/gestir standa upp úr sætum sínum þegar þeir eru kynntir. Forseti biður féлага að fagna gesti/gestum með lófaklappi.
  - Forseti kynnir féлага sem á/eiga afmæli til næsta fundar. Eigi einhver félagi afmæli fundardaginn er afmælissöngurinn sunginn „Hann/hún á afmæli í dag ...“. Forseti biður féлага að klappa fyrir afmælisbarni/-börnum.
2. Kl. 12:30, borðhald hefst:
  - Stjórnarborðið gengur fyrst að hlaðborðinu, síðan það borð þar sem sá situr sem flytja á þriggja mínútna erindi dagsins og síðan sú borðaröð sem forseti hefur ákveðið.
3. Kl. 12:45, þriggja mínútna erindi flutt.
4. Kl. 12:55, ritari gerir grein fyrir mætingu.
5. Kl. 13:00, fundarefni dagsins flutt:
  - Fyrirlesari skal byrja á að kynna fyrir fundarmönnum tengsl sín við Hafnarfjörð.
  - Eigi síðar en um kl. 13:25 skal fyrirlesari gefa fundarmönnum kost á að koma með fyrirspurnir.
6. Kl. 13:30, forseti slítur fundi:
  - Áður gerir hann grein fyrir næsta fundi:
    - Hvar og hvenær hann verður haldinn.
    - Hvaða nefnd sér um fundarefnið og hvað það er og hver flytur það ef það liggur fyrir.
    - Hver flytja muni þriggja mínútna erindið.
  - Forseti þakkar fundarmönnum og gestum fyrir fundarsetuna og biður rötarygesti að flytja kveðjur til sinna heimaklúbba.
  - Fundarmenn standa upp úr sætum sínum og fara með fjórprófið.
  - Forseti slær í bjölluna og fundi er slitið.

### Árshátíð/-arfundur:

1. Árshátíð klúbbsins skal haldin þann laugardag sem stendur næst stofndegi/afmælisdegi klúbbsins sem er 9. október 1946. Árshátíðarfundur er framhald á almennum fundi sem haldinn var fimmtudaginn á undan.
2. Kl. 18:00 fara félagar og gestir þeirra gjarnan í heimsókn í fyrirtæki, sem einhver félaganna hefur boðið til. Viðkomandi félagi/gestgjafi sér alfarið um það sem þar fer fram.

Í lok heimsóknarinnar um kl. 19:00 þakkar forseti klúbbsins fyrir móttökurnar.

Huga þarf að hópferðarþing til að koma hópnum þangað sem árshátíðin er haldin.

3. Kl. 19:30, forseti setur árshátíðarfundinn.

- Forseti byrjar á að slá í bjölluna.
- Forseti setur fundinn með því að segja „Fundur er settur í Rótarýklúbbsi Hafnarfjarðar þetta er framhaldsfundur fundar sem haldinn var s.l. fimmtudag og er nr. xy á starfsárinu og nr. xyzv frá stofnun klúbbsins. Félagar og gestir eru boðnir velkomnir til fundarins.“
- Forseti kynnir sig, maka sinn og gesti sína. Hið sama gera aðrir félagar koll af kalli. Félagi rís úr sæti sínu þegar hann kynnir sig og hið sama gera maki hans og gestir þegar þeir eru kynntir. Að lokum biður forseti féлага að fagna gestum með lófaklappi.
- Forseti kynnir skemmtinefnd klúbbsins og rísa viðkomandi úr sætum sínum.
- Að lokum slítur forseti fundinum með því að slá í bjölluna og felur formanni skemmtinefndar stjórn árshátíðarinnar.

### Jólafundur:

1. Jólafundur er haldinn um miðjan desember á fundardegi klúbbsins og er fundartíminn færður til kl. 19:00.

7. Kl. 19:00, forseti setur fundinn:

- Forseti byrjar á að slá í bjölluna.
- Forseti setur fundinn með því að segja „Fundur er settur í Rótarýklúbbsi Hafnarfjarðar, þetta er fundur nr. xy á starfsárinu og nr. xyzv frá stofnun klúbbsins. Félagar og gestir eru boðnir velkomnir til fundarins.“
- Forseti biður síðan söngstjóra að taka til starfa og velja þeir eitt lag úr söngbók klúbbsins til að syngja. Fundarmenn standa upp frá borðum þegar sungið er.
- Forseti kynnir sig, maka sinn og gesti sína. Hið sama gera aðrir félagar koll af kalli. Félagi rís úr sæti sínu þegar hann kynnir sig og hið sama gera maki hans og gestir þegar þeir eru kynntir. Að lokum biður forseti féлага að fagna gestum með lófaklappi.
- Forseti kynnir féлага sem á/eiga afmæli til næsta fundar. Eigi einhver félagi afmæli fundardaginn er afmælissöngurinn sunginn „Hann/hún á afmæli í dag ...“. Forseti biður féлага að klappa fyrir afmælisbarni/-börnum.

8. Kl. 19:30, borðhald hefst:

- Stjórnarborðið gengur fyrst að hlaðborðinu, síðan það borð þar sem sá situr sem flytja á þriggja mínútna erindi dagsins og síðan sú borðaröð sem forseti hefur ákveðið.

9. Kl. 20:15, þriggja mínútna erindi flutt.

10. Kl. 20:25, ritari gerir grein fyrir mætingu.

11. Kl. 20:30, fundarefni dagsins flutt:

- Fyrirlesari skal byrja á að kynna fyrir fundarmönnum tengsl sín við Hafnarfjörð.
- Eigi síðar en um kl. 21:00 skal fyrirlesari gefa fundarmönnum kost á að koma með fyrirspurnir.

12. Kl. 21:15, forseti kallar eftir möndlunni.

13. Kl. 21:30, forseti undirbýr fundarlök:

- Byrjar á að gera grein fyrir næsta fundi:
  - Hvar og hvenær hann verður haldinn.

- Hvaða nefnd sér um fundarefnið og hvað það er og hver flytur það ef það liggur fyrir.
  - Hver flytja muni þriggja mínútna erindið.
  - Forseti þakkar fundarmönnum og gestum fyrir fundarsetuna og biður rótarýgesti að flytja kveðjur til sinna heimaklúbba.
  - Ef þetta er síðasti fundur fyrir jól óskar forseti félögum og gestum gleðilegra jóla.
  - Einn rótarýfélaga stendur upp og óskar forseta gleðilegra jóla fyrir hönd félaganna.
14. Kl. 21:40, hugvekja eða jólaguðspjallið flutt:
- Að því loknu rísa fundarmenn úr sætum og syngja sameiginlega jólasálm t.d. „Heims um ból“.
  - Forseti slær í bjölluna og fundi er slitið.

#### Þorablót:

1. Þorablót klúbbsins skal haldið á fyrsta almenna fundardegi klúbbsins í „Þorra“ og skal það haldið á hefðbundnum fundartíma.
2. Fundarform er hið sama og á almennum fundi, nema nú er meira sungið.
3. Fundarefni og söngur er í höndum skemmtinefndar.
4. Á fundinum skal „hornið góða“ fyllt íslensku brennivíni og látið ganga á milli fundarmanna.

#### Stjórnarkjör:

1. Tilnefningar til stjórnarkjörs fara fram á 1. fundi í nóvember og er fundarefni viðkomandi fundar.
  - Stjórnarmenn dreifa og safna saman atkvæðaseðlum.
  - Tilnefna skal einn stjórnarmann í einu.
  - Stjórn klúbbsins fer yfir allar tilnefningar.
2. Stjórnarkjör fer fram á 3. fundi í nóvember og er fundarefni viðkomandi fundar.
  - Stjórnarmenn dreifa og safna saman atkvæðaseðlum.
  - Stjórn klúbbsins skipar þrjá talningarmenn.
  - Áður en kosning stjórnarmanns fer fram skal forseti gera grein fyrir hverjir 3 félagar fengu flestar tilnefningar í viðkomandi embætti og skal hann jafnframt gera grein fyrir fjölda tilnefninga hjá hverjum og einum þeirra.
  - Kjósa skal einn stjórnarmann í einu og skulu úrslit liggja fyrir áður en næsta kosning fer fram.
  - Kjósa skal einn fulltrúa í „Framkvæmdasjóð“.
  - Kjósa skal endurskoðendur ársreiknings klúbbsins.
3. Sjá að öðru leyti „Sérlög klúbbsins“.

#### Síðasti fundur stjórnar:

1. Síðasti fundur stjórnar er síðasti fundardagur í júnímánuði og er fundarefni viðkomandi fundar.
2. Forseti flytur skýrslu fráfarandi stjórnar.
3. Gjaldkeri leggur fram og gerir grein fyrir ársreikningi starfsársins og ber hann að því loknu upp til samþykktar.

4. Sjá að öðru leyti „Sérlög klúbbsins“.

Stjórnarskipti:

1. Stjórnarskipti fara fram á fyrsta fundi í júlímánuði og er fundarefni viðkomandi fundar.
2. Fyrir fundinn skal fráfarandi forseti vera búinn að láta gera og festa á forsetakeðjuna silfurskjöld með nafni og starfstímabili verðandi forseta, einnig skal hann hafa „past president“ og „president“ rótarýbarmmerkin tiltæk.
3. Að loknu borðhaldi kallar fráfarandi forseti verðandi forseta upp að ræðupúltinu.
  - Fundarmenn rísa úr sætum.
  - Fráfarandi forseti tekur af sér forsetakeðjuna og setur hana um háls verðandi forseta. Einnig nælir hann „president“ rótarýmerkið í barm hans.
  - Fráfarandi forseti afhendir verðandi forseta „færeyska áttæringinn“ og „hornið góða“ til geymslu.
  - Hinn nýi forseti nælir síðan „past president“ rótarýmerkið í barm fráfarandi forseta.
4. Nýr forseti kallar nú stjórnarmenn sína að stjórnarborðinu og fráfarandi stjórnarmenn yfirgefa borðið að undanskildum fráfarandi forseta sem skal sitja þar áfram, þar sem hann er nú fráfarandi forseti í nýju stjórninni.
5. Gjaldkeri leggur fram og gerir grein fyrir fjárhagsáætlun komandi starfsárs og ber hana að því loknu upp til samþykktar.
6. Áður en fundi er slitið skal einum fundarmanna gefið orðið þar sem hann fyrir hönd klúbbfélaga þakkar fráfarandi forseta fyrir störf hans á liðnu starfsári og óskar honum og fjölskyldu hans velfarnaðar á komandi árum.
7. Sjá að öðru leyti „Sérlög klúbbsins“.

Afhending borðfána frá öðrum klúbbum:

1. Sá sem ætlar að afhenda forseta borðfána frá öðrum klúbbi skal láta forseta vita um það fyrir fundinn.
2. Forseti kallar síðan á viðkomandi og gerir fundarmönnum grein fyrir tilefninu.
3. Fundarmenn rísa úr sætum.
4. Sá sem er að afhenda fána skal gera grein fyrir tilurð fánans og þeim klúbbi sem hann tilheyrir. Sé sá sem afhendir fánann rótarýfélagi úr þeim klúbbi sem fánanum tilheyrir skal forseti afhenda viðkomandi aðila fána klúbbsins.

Tilkynning ritara til félaga um inngöngu nýs félaga:

Kæri rótarýfélagi.

Stjórn klúbbsins hefur samþykkt að taka inn í klúbbinn okkar nýjan félag:

[\(Nafn hins nýja félaga og heimilisfang\)](#). Starfsgrein [\(Heiti starfsgreinar\)](#),

Félaganefnd hefur gengið úr skugga um að hann uppfyllir öll skilyrði varðandi starfsgrein og klúbbaðild í samræmi við „Sérlög og Grundvallarlög Rótarýklúbbs Hafnafjarðar“.

Skriflegar athugasemdir við samþykkt þessa skulu hafa borist til forseta klúbbsins innan 7 daga frá dagsetningu bréfs þessa.

Með Rótarýkveðju.

[\(Nafn ritara klúbbsins\)](#), ritari.

Nýr félagi tekinn inn í klúbbinn: (Úr handbók íslensku rótarýklúbbanna)

Áður en hinn nýi félagi er tekinn inn í klúbbinn skal forseti lesa eftirfarandi yfir, fundarmenn skulu rísa úr sætum á meðan:

Ávarp forseta við inntöku nýs félaga.

(Nafn hins nýja félaga): Í dag er þér heilsað sem fullgildum félagi í Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, sem er í 1360. umdæmi Rótarý International. Rótarýfélagsskapurinn er opinber félagsskapur og starfar í öllum heimsálfum. Félagar eru valdir án tillits til trúmála, stjórn mála eða þjóðernis. Rótarý er félagsskapur karla og kvenna sem vilja vinna að hugsjón Rótarýs, þjónustuhugsjóninni, en hún er skilyrði allrar góðrar og gagnlegrar starfsemi. Markmið rótarýfélagsskaparins er að vinna að aukinni kynningu, svo að hún veiti tækifæri til þjónustu, að glæða háleitar siðgæðiskröfur í athöfnum og embættisrekstri, viðurkenningu á gildi allra nytsamra starfa og virðingu hvers rótarýfélaga fyrir starfi sínu, að auka þjónustuhugsjóninni fylgi með drengilegri framkomu í einkalífi, atvinnu og þjóðfélagsstörfum, að efla samkomulag, góðvild og frið þjóða á milli með heimsfélagsskap framkvæmda- og embættismanna, sem þjónustuhugsjónin tengir saman. Rótarýfélagsskapurinn vill þannig efla drengilega þjónustu og auka kynni milli einstaklinga og þjóða. Það vill hann gera á grundvelli þessara spaklegu orða: Það sem þér viljið að mennirnir gjöri yður það skulið þér og þeim gjöra.

Í klúbbs okkar verður þú fulltrúi fyrir starfsgreinina (heiti starfsgreinar).

Þér hefur verið gefinn kostur á að verða félagi í klúbbs okkar sökum þess að af þeim kynnum og spurnum sem við félagar klúbbsins höfum haft af þér og starfsháttum þínum, erum við þess fullviss að þér muni ljúft að starfa í samræmi við grundvallarlög rótarýfélagsskaparins. Hvar sem þú kemur á fund í rótarýklúbbs, eða hittir rótarýfélaga, ert þú meðal vina sem ljúft er að liðsinna þér eftir föngum. En í félagsskap vorum fylgir ábyrgð og skyldur. Þú hefur því bæði skyldur gagnvart Rótarý og starfsgrein þinni. Það er skylda hvers rótarýfélaga að sækja klúbbsfundi nema gildar ástæður hamli. Á fundum taka að eflast gagnkvæm kynni og samstarf félaganna. Það er einnig skylda þín að takast á hendur þau störf sem klúbbsurinn felur þér. Það er m.a. hlutverk þitt í klúbbsnum að fræða okkur félagar þína um starfsgrein þína, og sama skylda hvílir á okkur gagnvart þér. Síðast en ekki síst er það skylda þín að beita áhrifum þínum meðal starfsfélaga þinna til eflingar þjónustuhugsjóninni og sýna þá hugsun jafnan í verki. Vertu þess minnug/-ur að klúbbsur okkar og Rótarý verða metin eftir þér og starfi þínu. Í þeirri von og í því trausti að þú styðjir málefni vort lýsi ég því hér með yfir að þú ert fullgildur félagi í Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Nýr félagi tekinn í klúbbinn, sem hefur áður verið félagi í rótarýklúbbs: (Úr handbók íslensku rótarýklúbbanna).

Áður en hinn nýi félagi er tekinn inn í klúbbinn skal forseti lesa eftirfarandi yfir, fundarmenn skulu rísa úr sætum á meðan:

Ávarp forseta við endurtöku fyrrum rótarýfélaga.

(Nafn hins nýja félaga): Í dag er þér heilsað sem fullgildum félagi í Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar. Þar sem þú hefur þegar verið starfandi rótarýfélagi er þér kunnugt um stefnu, hlutverk og starf Rótarýs í öllum aðalatriðum og um réttindi og skyldur rótarýfélaga og er því eigi þörf á að fara hér um það orðum sérstaklega. Þér hefur verið gefinn kostur á að gerast félagi í klúbbs okkar sökum þess, að vegna kynna okkar af þér og störfum þínum í Rótarý erum við þess fullviss að þér mun ljúft að starfa áfram að viðgangi Rótarýs og heill og gengi

klúbbs okkar. Þú verður fulltrúi fyrir starfsgreinina ([heiti starfsgreinar](#))/([eða tekinn í klúbbinn sem aldvirkur félagi](#)). Ég lýsi því hér með yfir að þú ert fullgildur félagi í Rótarýklúbbsi Hafnarfjarðar og og býð þig velkominn meðal okkar.

#### Afhending „Paul Harris“ viðurkenningar:

Áður en viðkomandi er afhent „Paul Harris“ viðurkenning skal forseti lesa eftirfarandi yfir, fundarmenn skulu rísa úr sætum á meðan:

Árið 1957 var tekinn upp sá siður, að rótarýklúbbar hófu að veita félögum, sem viðkomandi klúbbar vildu heiðra fyrir mikil og góð störf í anda Rótarýs, útnefningu sem „Paul Harris“ félagar. Orðan er gefin af Rótarýsjóðnum, sem er ein öflugasta námsstyrkjastofnun veraldar, eins og við vitum, og ekki síður mjög öflugur í framlögum til heilbrigðismála heimsins. Árlegar tekjur sjóðsins hlaupa á tugum milljóna dollara, svo að á því sést að við Íslendingar erum aðeins eitt lítið tannhjól í risastórri vél, en njótum góðs af, eins og sést á því að yfir 60 Íslendingar hafa hlotið milljónir króna í námsstyrki frá sjóðnum.

Árið 1978 var fyrst útnefndur „Paul Harris“ félagi á vegum Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar og var það Beinteinn Bjarnason, er þá viðurkenningu hlaut. Beinteinn var jafnframt fyrsti íslenski rótarýfélaginn sem fékk þá viðurkenningu.

Á þessum 27 árum eru „Paul Harris“ félagar klúbbsins orðnir ([fjöldi](#)) og enn bætist í hópinn. Stjórn Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar hefur nú ákveðið að veita slíka orðu og heiðra með henni ([einn](#)) af okkar ágætu félögum. En það er í þessu eins og svo mörgu öðru, að það eru margir kallaðir en fáir útvaldir. Að þessu sinni hefur stjórnin ákveðið að heiðra ([nafn](#)).

#### Afhending

Má ég biðja ([nafn](#)), að koma til mín og veita viðurkenningu sinni viðtöku.

([nafn](#)) er vel að þessum heiðri kominn, við skulum gefa honum/henni gott klapp.

#### Andlát félaga:

Fundarform er hefðbundið að því undanskyldu að ekki er sungið. Í stað þess minnst forseti hins látna. Þegar forseti hefur lokið máli sínu biður hann fundarmenn að minnast hins látna með stuttri þögn. Félagar rísa úr sætum meðan á þessu stendur.

Minningargrein forseta er send dagblöðum og sett á heimasíðu klúbbsins. Ef athöfnin fer fram í kyrripæy skal haft samband við aðstandendur hins látna áður en minningargreinin er send dagblöðum.

Við útför hins látna skal hátíðafáni klúbbsins með sorgarborða settur upp á útfararstað.

#### Andlát maka félaga:

Fundarform er hefðbundið að því undanskyldu að ekki er sungið. Í stað þess minnst forseti hins látna. Þegar forseti hefur lokið máli sínu biður hann fundarmenn að minnast hins látna með stuttri þögn. Félagar rísa úr sætum meðan á þessu stendur.

Minningarorð forseta eru sett á heimasíðu klúbbsins.

#### Hefðanefndina skipa:

Albert Kristinsson  
Bjarni Þórðarson  
Kristján Stefánsson  
Skúli Valtýsson